

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati).

151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 233 — 230. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjalmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (aldursgreining með heildstæðu mati.)

151. löggjafarþing 2020-2021.

Þingskjal 233 — 230. mál.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Þá hefur félagið mikla og langa reynslu af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jöfnu saman.

Samkvæmt samningi dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar og Rauða krossins á Íslandi vegna aðstoðar og þjónustu við einstaklinga sem óskað hafa eftir alþjóðlegri vernd á Íslandi sinnir Rauði krossinn á Íslandi talsmannþjónustu á stjórnsýslustigi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn hefur um alllangt skeið gagnrýnt aldursgreiningar Útlendingastofnunar. Hefur þeim athugasemdum verið komið á framfæri við stofnunina, kærunefnd útlendingamála, dómsmálaráðuneytið, umboðsmann barna, Barnaverndarstofu, umboðsmann Alþingis og fjölmiðla (almenning). Þá hefur Rauði krossinn ítrekað lagt til tillögur að úrbótum með vísan til alþjóðlegra skýrslna um aldursgreiningar á fylgdarlausum börnum.

Rauði krossinn skilaði inn ítarlegri umsögn við frumvarp þetta, sem nú er endurflutt ásamt nokkrum viðbótum, á síðasta löggjafarþingi þar sem félagið tók undir með flutningsmanni frumvarpsins hvað varðar gagnrýni á að þær aðferðir sem beitt er hér á landi við greiningu á aldri umsækjenda um alþjóðlega vernd uppfylli ekki skilyrði reglugerðar um útlendinga sem kveður á um að við greiningu á aldri skuli fara fram **heildstætt** mat. Rauði krossinn benti einnig á í fyrri umsögn sinni að mikilvægt væri að tryggja sjálfstæða kæruleið vegna ákvarðana Útlendingastofnunar um aldur. Hefur nú verið brugðist við þeirri tillögu með d-lið 1. gr. frumvarpsins. Þá telur Rauði krossinn þær breytingar sem gerðar hafa



verið á c-lið frá fyrra frumvarpi vera til bóta en mikilvægt er að skerpa á því að líkamsrannsóknnum skuli einungis beitt í undantekningartilvikum. Þá er afar mikilvægt að leggja skýrt bann við kynfæraskoðun sem aðferð til að ákvarða aldur. Að öðru leyti vísar Rauði krossinn til umsagnar sinnar dags. 18. október 2019 og fylgiskjals með henni sem má nálgast [hér](#) á vef Alþingis.

Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta allsherjarnefnd til þess að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.

